

13. mars 2018 | Dans | 821 orð | 3 myndir

Halló, við erum hér!

Það er aðdáunarvert að fylgjast með því hvernig Reykjavík Dance Festival hefur á undanförunum árum sýnt frumleika í verkefnavali, lagt áherslu á samfélagssviðslistir og gefið ungu fólki rödd.

Af dansi

Nína Hjálmarsdóttir

ninahjalmars@gmail.com

Únglingurinn í Reykjavík er dans- og sviðslistahátíð sem nú er haldin hér í borg. Það er Reykjavík Dance Festival sem stendur að baki hátíðinni og er hún þróuð í samvinnu við listrænt teymi ungmenna á aldrinum 16-25 ára. Fjölbreyttir viðburðir eru í boði – sýningar, vinnustofur, umræður, gjörningar og útgáfur.

Hátíðin er rými fyrir ungt fólk að tala saman, og tækifæri fyrir þau að skapa vettvang sem er algjörlega þeirra. Unglingar eru á sviðinu, baksviðs, í áhorfendahópnum, í partíum, í sundlauginni, og um alla borg.

Stelpur taka pláss

Stemningin í Vesturbæjarlaug á föstudagskvöldið var öðruvísi en fastagestir eiga að venjast. Í sundlaugapartíi Únglingsins dillaði fólk sér í lauginni við japanska tóna plötusnúðsins SAKANA og svalaði þorstanum með djús eftir gufuna. Það væri ekki vitlaust af sundlauginni að gera þetta að mánaðarlegum viðburði, fleyta fólki inn í helgina með góðu partíi.

Verkið „Les Coquettes“ var frumsýnt á fimmtudaginn í Listasafni Reykjavíkur, en það er samið og flutt af níu stelpum. Það tekur á staðalímyndum í nútímasamfélaginu, þar sem feðraveldið er sífelld að reyna að stjórna konum, segja þeim hvernig þær eiga að vera. Stelpurnar mynda sterka heild, í rauðum fötum með svarta hárkollu og sólgleraugu – og hafa hnefann á lofti.

Kóreógraffan, tónlistin og lýsingin minnir á klúbba og tónlistarmyndbönd og passar við veruleika ungmenna í dag. Heim þar sem einstaklingurinn kemur sér á framfæri með líkamanum og með því að búa sér til ímynd og safna „lækum“. Í hljóðmyndinni má heyra ljóð Mayu Angelou „Still I Rise“ sem setur verkið í stærra sögulegt samhengi og þá sérstaklega í ljósi femínískra byltinga síðustu ára.

Í verkinu velta stelpurnar upp spurningum um kynpokka kvenna og bjóða áhorfendum að fara í sjálfsskoðun á eigin fordómum. Þær sviðsetja atriði úr kvikmynd þar sem konur heilla karlmenn, endurtaka og ýkja, og brátt verður það sem þótti eðlilegt í kvikmynd óþægilegt á sviði. Þessar stelpur eru komnar til að taka pláss, vera eins og þær vilja, vera druslur ef þær vilja og dansa eins og þær vilja. Þær lýsa yfir heilögu systralagi og gefa feðraveldinu fingurinn.

Tengslin einlæg og sterk

„Allar mínar systur“ var einnig frumsýnt síðasta fimmtudag í Listasafni Reykjavíkur. Verkið er eftir Önnu Kolfinnu Kuran og er flutt af FWD Youth Company, sex stelpum á menntaskólaaldri. Verkið er einskonar athöfn, innblásið af



Sundlaugarpartí Les Coquettes flytja samnefnt verk á bakka Vesturbæjarlaugar. Þar var „öðruvísi stemning“.



[Smellið til að sjá stærri mynd]

femínískri útöpu og hugmyndafræði nornamenningar. Áhorfendur ferðast frjálssir um rýmið á meðan dansararnir leiða þá inn í hugleiðslu. Afstaða áhorfandans er í fyrirrúmi, dansararnir leika sér með meðvirkni hans, og maður spyr sig hvað þýðir að vera áhorfandi. Í slíkum aðstæðum fær hver gjörð meira gildi, maður fylgist með öllum í salnum og hegðun þeirra, og því verða áhorfendur á einhvern hátt líka flytjendur. Danshópurinn stóð sig ákaflega vel og náði að skapa áhrifarík augnablik – þar sem hápunkturinn var öskurkór, tónverk úr hlyldýpum kvenlegra barka.

„Hlustunarparty“ er verk þar sem unglingar bjóða áhorfendum í partí í Kúlunni, Þjóðleikhúsinu. Þar er hlustað á uppáhaldslögin þeirra og hafa þau samið atriði fyrir hvert lag. Höfundur verksins er Ásrún Magnúsdóttir, ásamt hópnum. Í verkinu hverfur áhorfandinn inn í heim flytjendanna og finnur fyrir fortíðarþrá eftir eigin unglingsárum. Krakkarnir eru hispurslausir, eru ekki feimin að tjá skoðanir sínar og óumræðilega svalari en „fullorðna fólk“.

Heimurinn sem þau skapa er afslöppuð partístemning, fjórði veggurinn brotnar og tengslin milli áhorfanda og flytjenda verða einlæg og sterk. Tónlist opnar dyr beint að hjartanu og þegar við bætist orka þrjátíu unglunga hrifur „Hlustunarparty“ áhorfandann sannarlega með sér í dansi, söng og stuði. Mörkin þurrkast út milli tónlistar og sviðslistar, leikara og unglings að vera hann sjálfur á sviði, skáldskapar og raunveruleika. Það dregur fram samkennd og lætur okkur hugsa um hina innstu mannlegu þörf – að tilheyra.

Kraftmikil og meðvituð

Hátíðin Únglingurinn í Reykjavík skapar margvísleg hugrenningatengsl, sem er gott. Hver er ábyrgð listamanna, er það að gefa þeim rödd sem ekki hafa? Unglingar hafa ekki kosningarétt og eiga að lúta valdi fullorðinna. Sumir halda því fram að unglingar séu límdir við símaskjáinn og eigi eftir að öðlast getu og vit til þess að vera virkir samfélagsþegar. En unglingarnir á Únglingnum eru kraftmiklir og meðvitaðir, virtust vera lausir við fordóma og vinsældakeppnir. Krakkar í dag eru að alast upp í krafti mikilla samfélaglegra breytinga, þar sem sannleikurinn skiptir ekki lengur máli heldur hvernig einstaklingurinn framsetur sig. Um leið eru þau, og við öll, að upplifa stórkostlegar femínískar byltingar sem og endurskoðun á orðræðu og hegðun. Það verður spennandi að sjá hvernig þessi kynslóð kemur til með að verða.

Það er aðdúnarvert að fylgjast með því hvernig Reykjavík Dance Festival hefur á undanförunum árum sýnt frumleika í verkefnavali, lagt áherslu á samfélagssviðslistir og gefið ungu fólk rödd. Hátíðin sýnir vel hvað sviðslistir eiga auðvelt með að ná til mismunandi hópa, gefa þeim rödd og pláss. Ungt fólk hefur mikið að segja og það er mikilvægt að gefa þeim vettvang til þess að tjá sig – og að á þau sé hlustað.

Hátíðinni lýkur 17. mars.